

**225. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn í Aratungu, Reykholti,
7. febrúar 2019, kl. 15:15.**

Fundinn sátu:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Óttar Bragi Þráinsson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Eyrún Margrét Stefánsdóttir, Róbert Aron Pálmason og Ásta Stefánsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Fundargerð skipulagsnefndar - 1901037

170. fundur skipulagsnefndar haldinn 30. janúar 2019.

Liður 3, Efsti-Dalur land L199008; Efsti Dalur 3 Brúará, Efsti Dalur 3 Völlur; Stofnun lóða - 1901007

Lögð fram, að nýju, umsókn Óskars Sigurðssonar, f.h. dánarbús Sigurðar Sigurðssonar, um stofnun tveggja landeigna úr landi Efsta-Dals lands L199008. Málinu var frestað á síðasta fundi skipulagsnefndar þar sem óskað var eftir lagfærðum gögnum og að skoða þyrfti heiti á upprunalandi og nýjum landeignum. Fyrir liggja lagfærð lóðablöð ásamt beiðni um breytt heiti á upprunalandinu Efsti-Dalur land í Efsti-Dalur 3. Lagfærð lóðablöð sýna annars vegar 14,4 ha land (14,1 ha miðað við þurrlendi) sem fengi þá heitið Efsti-Dalur 3 Brúará og hins vegar 145,3 ha land (140,1 ha miðað við þurrlendi) sem fengi heitið Efsti-Dalur 3 Völlur. Fyrir liggur samþykki eiganda jarðarinnar Efsta-Dals 2 fyrir hnitsetningu lóðamarka.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við breytt heiti upprunalandsins í Efsti-Dalur 3 né stofnun landeignanna með fyrirvara um umsögn Vegagerðarinnar um vegtengingu að landinu Efsti-Dalur 3 Völlur frá Laugarvatnsvegi og fyrirvara um samþykki landeigenda Efsta-Dals 1. Ekki er gerð athugasemd við heiti nýju spildnanna og ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. jarðalaga.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa - afgreiðslufundir - 1901038

Afgreiðslur byggingarfulltrúa 19 - 93. fundur haldinn 23. janúar 2019.

Fundargerðin staðfest.

3. Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnassýslu - 1809064

3. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu, haldinn 12. nóvember 2018.

Fundargerðin var lögð fram.

4. Fundargerð stjórnar Brunavarna Árnassýslu - 1902009

4. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu, haldinn 31. janúar 2019

Fundargerðin var lögð fram.

5. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 1902005

867. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga haldinn 25. janúar 2019

Fundargerðin var lögð fram.

6. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 1902015

193. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, haldinn 23. janúar 2019.

Fundargerðin var lögð fram.

7. Bygging leikskólans Álfabogar, I. verkhluti, uppsteypa - 1808001

Fundargerð 6. verkfundar vegna byggingar leikskólans Álfabogar, I. verkhluti.

Fundargerðin var lögð fram.

8. Fundargerð stjórnar Upplýsinga- og tæknisviðs Uppsveita bs - 1902024

58. fundur stjórnar UTU haldinn 30. janúar 2019.

Fundargerðin var lögð fram.

9. Samningur við UMFÍ um afnot af Íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni vegna ungmennabúða - 1805083

Drög að samningi um útleigu Íþróttamiðstöðvarinnar að Laugarvatni til UMFÍ.

Lögð voru fram drög að samningi við UMFÍ vegna leigu á Íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni.

Umræða varð um samningsdrögin. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að ljúka samningsgerð í samræmi við umræður á fundinum.

10. Verðkönnun vegna deiliskipulags fyrir fjallaskála - 1901019

Niðurstöður verðkönnunar vegna vinnslu nýrra deiliskipulaga fyrir þrjú fjallaskála og breytingar gildandi deiliskipulaga fyrir tvo fjallaskála, Bláskógabyggð. Fjögur tilboð bárust.

Ráðist var í verðkönnun vegna vinnslu deiliskipulags fyrir Fremstaver, Geldingafell og Botnsúlur og endurskoðun deiliskipulags fyrir Árbúðir og Gíslaskála/Svartárbotna.

Tilboð báust frá fjórum aðilum; Eflu, kr. 1.380.000, Landhönnun slf, kr. 2.900.000, Landmótun sf, kr. 3.500.000 og Landformi ehf, kr. 7.440.000.

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Eflu að fjárhæð kr. 1.380.000.

Kostnaðurinn rúmast innan ramma fjárhagsáætlunar.

11. Verðkönnun vegna deiliskipulags á Laugarvatni - 1901020

Niðurstöður verðkönnunar vegna breytingar deiliskipulags fyrir þéttbýlið á Laugarvatni. Fjögur tilboð bárust.

Ráðist var í verðkönnun vegna vinnu við breytingar á deiliskipulgi þéttbýlis á Laugarvatni.

Fjögur tilboð bárust; Landform ehf, kr. 4.910.400, Landhönnun slf, kr. 5.200.000, Landmótun sf, kr. 5.500.000 og Efla, kr. 5.900.000. Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Landforms ehf, kr. 4.910.400. Kostnaðurinn rúmast innan ramma fjárhagsáætlunar.

12. Útboð Álfaborg, II. verkhluti, innanhúsfrágangur og lóð - 1810005

Verksamningur við HK verktaka ehf vegna innanhúsfrágangs og lóðfrágangs leikskólans Álfabogar (verkhluti II)

Lagður var fram verksamningur við HK verktaka ehf vegna byggingar leikskólans Álfabogar í Reykholti, síðari verkhluti, innanhúsfrágangur og lóðfrágangur. Sveitarstjórn staðfestir samninginn. Kostnaður vegna verksins rúmast innan ramma fjárhagsáætlunar.

13. Áfangastaðaáætlunir - 1902003

Erindi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 25. janúar 2019, varðandi áfangastaðaáætlunir landslutanna, óskað er eftir að áætlun Suðurlands verði lögð fram í sveitarstjórn og vísað til viðeigandi stofnunar/sviðs innan sveitarfélagsins.

Lögð var fram samantekt um áfangastaðaáætlun Suðurlands 2018-2021. Sveitarstjórn vísar áætluninni til kynningar hjá umhverfisnefnd, atvinnumálanefnd og menningarmálanefnd.

14. Fjárhagsáætlun 2016 og viðaukar - 1809067

Erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 21. janúar 2019, varðandi fjárhagsáætlun 2016 og viðauka við hana.

Lagt var fram erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna fjárhagsáætlunar ársins 2016 og viðauka við hana.

15. Breytt fyrirkomulag sorphirðu 2019 - 1901016

Drög að samningi við Gámaþjónustuna um breytingar á sorphirðu. Hirða á lífrænum úrgangi frá

heimilum og stofnunum.

Lögð voru fram fyrstu drög að viðauka við verksaming við Gámaþjónustuna um sorphirðu vegna fyrirhugaðrar hirðu á lífrænum úrgangi og þeirra breytinga sem eru framundan vegna þeirrar ákvörðunar Sorpu bs að hætta að taka við sorpi til urðunar frá sveitarfélögum á Suðurlandi. Samningsdrögin fela í sér hirðu á lífrænum úrgangi frá heimilum og stofnunum í Bláskógabyggð á 3ja vikna fresti frá og með 1. mars, meðhöndlun lífræns úrgangs á starfsstöð Gámaþjónustunnar, kaup á tunnum fyrir lífrænan úrgang og söfnunarílátum til að hafa inni á heimilum fyrir lífrænan úrgang. Einnig er kveðið á um breytingu á afsetningu efnis. Umræða varð um málið, m.a. var rætt um kynningu á breyttri flokkun. Sveitarstjóra og oddvita er falið að vinna áfram að málinu.

16. Uppgræðslusvæði fyrir Bláskógaskóla Reykholti, skólaskógur. - 1902011

Erindi frá Bláskógaskóla, Reykholti, dags. 1. febrúar 2019, varðandi hugmynd að uppgræðslusvæði, skólaskógi, á hálendinu.

Lagt var fram erindi Ragnheiðar Jónasdóttur, kennara í Bláskógaskóla, Reykholti, vegna hugmyndaðar uppgræðslusvæði fyrir skólann í landi sveitarfélagsins að Hólum. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur Helga Kjartanssyni og Guðrúnu S. Magnúsdóttur að vinna að málinu.

17. Útgáfa bændalýsinga í Biskupstungum og Laugardal - 1812019

Minnisblað sveitarstjóra, dags. 4. febrúar 2019, um fund með fulltrúum Laugardalsættar vegna útgáfu bændalýsinga.

Lagt var fram minnisblað sveitarstjóra ásamt útprenti af bændalýsingum. Sveitarstjórn tekur jákvætt í að styðja við verkefnið og felur sveitarstjóra að vinna að frekari útfærslu.

18. Beiðni þorablótsnefndar Skálholtssóknar um styrk á móti húsaleigu vegna þorablóts - 1902020

Beiðni Þorablótsnefndar Skálholtssóknar, dags. 4. febrúar 2019, um styrk á móti húsaleigu vegna þorablóts í Aratungu 25. janúar 2019.

Lögð var fram styrkbeiðni þorablótsnefndar Skálholtssóknar vegna húsaleigu í Aratungu fyrir þorablót 25. janúar 2019. Sveitarstjórn samþykkir erindið og rúmast það innan fjárhagsáætlunar.

19. Umsókn um rekstrarleyfi vegna Bjarkarbrautar 2 (F2360087) - 1902018

Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 28. júní 2017, um umsögn um umsókn um rekstrarleyfi í flokki II, gististaður, stærra gistiheimili (B) frá Efstadal ehf á Bjarkarbraut 2 (F2360087), Laugarvatni, einnig umsögn byggingarfulltrúa, dags. 23. janúar 2019.

Með vísan til umsagnar byggingarfulltrúa, þar sem lagst er gegn útgáfu rekstrarleyfis þar sem úrbótum hafi ekki verið lokið, getur sveitarstjórn ekki veitt jákvæða umsögn um erindið.

20. Umsókn um rekstrarleyfi fyrir Bjarkarbraut 6 (L191091) - 1902017

Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 8. janúar 2019, um umsögn um umsókn um rekstrarleyfi fyrir sölu gistingar í flokki II, minna gistiheimili, að Bjarkarbraut 6, Reykholti, ásamt umsögn byggingarfulltrúa, dags. 23. janúar 2019.

Sveitarstjórn leggst gegn útgáfu rekstrarleyfis í flokki II (gististaður án veitinga, minna gistiheimili, C) að Bjarkarbraut 6 (F2274874) á grundvelli laga nr. 84/2007 þar sem leyfisveiting samræmist ekki stefnu gildandi skipulags.

21. Umsókn um tækifærisleyfi fyrir þorablót á Laugarvatni - 1902010

Beiðni Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 30. janúar 2019, um umsögn um umsókn um tækifærisleyfi vegna þorablóts í íþróttahúsinu á Laugarvatni 16. til 17. febrúar 2019.

Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn um umsókn um tækifærisleyfi vegna þorablóts Ungemnafélags Laugdæla frá kl. 19 hinn 16. febrúar 2019 til kl. 03 hinn 17. febrúar.

22. Tillaga til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi - 1902007

Beiðni velferðarnefndar Alþingis, dags. 31. janúar 2019, um umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun stefnu sem eflir fólk af erlendum uppruna til þátttöku í íslensku samfélagi, 274. mál. Umsagnarfrestur er til 21. febrúar.

Þingályktunartillagan var lögð fram.

23. Áform um lagabreytingar um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda - 1902013

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 25. janúar 2019, þar sem vakin er athygli á að áform um lagabreytingar um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda séu komin til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Erindið var lagt fram.

24. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur) - 1902006

Beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 31. janúar 2019, um umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur). Umsagnarfrestur er til 21. febrúar. Einnig hvatning Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 1. febrúar 2019, til sveitarfélaga til að taka afstöðu til málsins.

Lagt var fram erindi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna.

Megininntak frumvarpsins er að lækka kosningaaldur vegna kosninga til sveitarstjórna úr 18 árum í 16 ár.

Sveitarstjórn vísar beiðninni til ungmennaráðs og frestar afgreiðslu til næsta fundar.

25. Frumvarp til laga um breytingar á lögum um málefni aldraðra - 1902008

Beiðni velferðarnefndar Alþingis, dags. 31. janúar 2019, um umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um málefni aldraðra (Framkvæmdasjóður aldraðra) 306. mál.

Umsagnarfrestur er til 21. febrúar.

Beiðnin var lögð fram til kynningar.

26. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2019 - 1902014

Erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. janúar 2019, þar sem boðað er til XXXIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 29. mars n.k.

Erindið var lagt fram. Fulltrúar Bláskógabyggðar á landsþinginu eru Helgi Kjartansson og Eyrún M. Stefánsdóttir, auk þess sem sveitarstjóri er áheyrnarfulltrúi.

27. Undanþága frá skipulagsreglugerð varðandi fjarlægð frá ám, Eyvindartunga - 1902001

Erindi Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 22. janúar 2019, varðandi beiðni skipulagsfulltrúa, f.h. sveitarstjórnar Bláskógabyggðar, varðandi undanþágu frá ákvæði skipulagsreglugerðar um fjarlægð mannvirkis frá vötnum, ám eða sjó vegna sumarhúss í landi Eyvindartungu. Ráðuneytið tilkynnir um þau áform að synja beiðni um undanþágu.

Lagt fram til kynningar.

28. Reglugerð um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga nr. 1248 2018 - 1902004

Erindi Íbúðalánasjóðs, dags. 1. febrúar 2019, varðandi nýja reglugerð um húsnæðisáætlanir.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna drög að húsnæðisáætlun í samræmi við reglugerð nr. 1248/2018.

29. Sveitarfélögin og heimsmarkmiðin - 1902002

Erindi Forsætisráðuneytisins, dags. 28. janúar 2019, varðandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sveitarfélög eru hvött til að kynna sér heimsmarkmiðin og vakin athygli á fundi til kynningar á sveitarfélögunum og heimsmarkmiðunum hinn 15. febrúar n.k.

Lagt fram til kynningar.

30. Kynning á ráðgjöf um skemmri vinnuviku og dýpkun lýðræðis - 1902012

Kynningarbréf frá Öldu, félagi um sjálfbærni og lýðræði, dags. 1. febrúar 2019 þar sem boðin er

ráðgjöf um dýpkun lýðræðis og styttingu vinnuvikunnar.

Lagt fram til kynningar.

31. Dreifibréf RSK, lög um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka - 1902016

Dreifibréf Ríkisskattstjóra til tilkynningarskyldra aðila, dags. 25. janúar 2019, varðandi aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Lagt fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 16:58.

Helgi Kjartansson

Valgerður Sævarsdóttir

Óttar Bragi Þráinsson

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Guðrún S. Magnúsdóttir

Eyrún Margrét Stefánsdóttir

Róbert Aron Pálmason

Ásta Stefánsdóttir
